

SOTA kynning

Fyrirlestur í ÍRA 16. apríl 2026
Vilhjálmur Þór Kjartansson TF3DX

Summits On The Air Tindar Í Loftinu

SOTA hreyfingin spratt upp á Bretlandi árið 2002 og fléttar saman áhuga á fjallgöngum og amatörstarfsemi.

Lögð er áhersla á að sem flestir geti verið með, hver með sínum hætti óháð líkamlegri getu. Því segir í kafla 3.7.1.3 í Almennu reglunum: „Operations must not be in, or in the close vicinity of, a motor vehicle. No part of the station may be connected in any way to the motor vehicle.” og skilgreiningin á „**close vicinity**” er látin hverjum og einum eftir.

Jafnframt leggur SOTA hreyfingin mikla áherslu á **umhverfisvernd** og **tillitssemi** við annað útivistarfólk.

SOTA samtökin eru nú komin til 266 landa

Database statistics

Registered Users :	38.531	Skráðir notendur
SOTA associations :	226	Landsfélög, eins og ÍRA
SOTA regions :	1.511	Svæði innan landa
SOTA Summits :	180.999	Viðurkenndir tindar

Að fara inn á heimasíðu samtakanna:

Sláið einfaldlega inn slóðina: sota.org.uk Þá opnast



Welcome to **Summits on the Air!**

SOTA is an award scheme for radio amateurs that encourages portable operation in mountainous areas.

Quick links: [Joining In](#) | [SOTAwatch](#) | [Database](#) | [Summit Listings](#) | [Shop](#) | [Mapping](#) | [Donate to SOTA](#)

Með því að smella á Summit Listings og síðan Summits getum við fundið skrána fyrir Ísland:

Úr listanum yfir landssamtökin


<https://www.sotadata.org.uk/en/summits>

SM	Sweden	01 Jun 2008	12	1083
SP	Poland	01 Apr 2008	15	211
SV	Greece	03 Aug 2003	12	821
TF	Iceland	01 Sep 2016	7	910
TI	Costa Rica	01 Mar 2018	7	400
TK	Corsica	03 Jan 2009	1	164

Einar Kjartansson, **TF3EK**, er langvirkasti SOTA amatörinn hér á landi og á heiðurinn af því að hafa reiknað út íslensku tindana **910** sem uppfylla skilyrði SOTA samtakanna. Þau eru nú komin til **226 landa**.

Gildur tindur:

Almenna reglan er að SOTA-tindur sé **nógu stakur** og sér, til að hann hangi ekki saman við annan tind hærri nema farið sé a.m.k. 150 m niður.



Association: TF - Iceland

Association Manager: Egill Ibsen, TF3EO


[Back to list of Associations](#)

The Association commenced on Sep 1, 2016 and currently has 7 Regions (listed below) and 910 qualifying summits.

- [Association Reference Manual](#) (version 1.1, updated 01 Sep 2017)

Click on a Region to view a list of summits.

Code	Region	Association Manager	Summits
AL	East Iceland	Einar Kjartansson	281
NL	North Iceland	Einar Kjartansson	210
SL	South Iceland	Einar Kjartansson	219
SN	Snæfellsnes	Einar Kjartansson	66
SV	Southwest Iceland	Einar Kjartansson	43
VE	Vestmannaeyjar	Einar Kjartansson	6
VF	Vestfirðir	Einar Kjartansson	85



Region: SV - Southwest Iceland

Region Manager: Einar Kjartansson, TF3EK

[Association List](#) | [Back to the TF Association](#)

This region currently has **43** qualifying summits.

South west Iceland is where 75% of Iceland's population lives. This region is south of the river Hvítá í Borgarfíði and west of Kaldidalur mountain pass and the lake Þingvallavatn. Topographic maps from DMA C761 series for this region can be downloaded from <http://www.lmi.is/landupplýsingar/kortasafn/>.

Code ▲	Name	Alt (m)	Points	Total Activations	My Activations	My Chases
TF/SV-001	Ok	1170	8	9	0	0
TF/SV-002	Syðstasúla	1093	8	5	0	0
TF/SV-003	Vestursúla	1086	8	2	0	0
TF/SV-004	Skarðsheiði	1053	8	3	0	0
TF/SV-005	Esja	914	6	11	0	0
TF/SV-006	Fanntófell	893	6	2	0	0
TF/SV-007	Hvalfell	852	6	6	0	0
TF/SV-008	Hafnarfjall	842	4	5	0	0
TF/SV-009	Hengill	802	4	15	0	0
TF/SV-010	Kiölur	785	4	6	0	0



Eins og sjá má gefur hver tindur stig (points) sem fara eftir hæð hans yfir sjávarmáli.

Sá sem er í SOTA sambandi frá virkjunarsvæði kallast „**activator**” (virkir). Hann getur haft samband við hvern sem er utan síns virkjunarsvæðis, sem þá kallast „**chaser**” (eltir).

Íslensku orðin „**virkir**” og „**eltir**” eru bæði gild karlkynsorð í Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls (<https://bin.arnastofnun.is/beyging/519777>). Ég ætla að prófa að nota þau áfram í þessari kynningu. E.t.v. mætti bæta “tinda-”framan við bæði orðin, sem væntanlega teldust þá nýyrði. Það myndi draga úr ruglingi við aðrar líkar beygingarmyndir.

Oftar en ekki er **eltir** heima hjá sér, þeir eru **mjög margir** sem iðka það óspart. Tveir virkjar geta líka haft samband sín á milli. Slíkt samband er kennt við **S2S**, „*Summit to Summit*”, og gefur samanlögð stig beggja tinda. Þá eru þeir bæði virkjar og jafnframt eltir hvors annars.

Með því að velja Joining In strax eftir innkomuna á heimasíðuna opnast aðgangur að miklum upplýsingum. Hér var haldið áfram í Almennu reglurnar.

<https://www.sota.org.uk/Joining-In/General-Rules>

Joining In

[Introduction to Chasing](#)

[Introduction to Activating](#)

[Awards](#)

[General Rules](#)

[Environmental Statement](#)

[Acceptable Use Policy](#)

[Guidelines](#)

[SOTA Leaflets](#)

[SOTA SMS Format](#)

[Summit Restrictions](#)

[FAQs](#)

General Rules

- Download a copy of the General Rules:
 - [English Version](#), version 1.21, last updated 1st June 2022 (PDF)
 - [French Version](#) (uncontrolled document) (PDF)
 - [Korean Version](#) (uncontrolled document) (PDF)
 - [German Version](#) (uncontrolled document) (PDF)
 - [Greek Version](#) (uncontrolled document) (PDF)
 - [Italian Version](#) (uncontrolled document) (PDF)
 - [Spanish Version](#) (uncontrolled document) (PDF)
 - [Portuguese Version](#) (uncontrolled document) (PDF)
 - [Russian Version](#) (uncontrolled document) (PDF)

Summits on the Air


General Rules



Document reference
Issue number
Date of issue
Programme start date


S0.1
1.21
01-Jun-2022
02-Mar-2002

Til að hafa fullt gagn af heimasíðu SOTA og geta skilað inn dagbókum, þarf að skrá sig sem nýjan notanda og logga framvegis inn sem slíkur.



Summits on the Air x Sign in to SOTA x


https://sso.sota.org.uk/auth/realms/SOTA/protocol/openid-c...



Sign in to your account

English ▾

Username

Password 

[Forgot Password?](#)

Remember me

[Sign In](#)

New user? [Register](#)

Er hægt að taka þátt í SOTA sambandi án undirbúnings?

Já!

Gerið það endilega, ekki síst ef þið heyrið í virkja sem á í basli með með að uppfylla kröfuna um **4 QSO að lágmarki til að fá stigin** fyrir tindinn. Það er algengt vandamál á 2 m FM hér í fámenninun á Íslandi.

Öll venjuleg QSO sem teljast gild eru nógu góð fyrir SOTA. Það hvílir ekki (lengur) sú skylda á elti að skila inn dagbók. Dagbók **virkjans** er tekin gild í öllum tilfellum í trausti á heiðarleika hans.

Andy Sinclair GM4LLD, áður MM0FMF er mikill gúrú í SOTA. Glefsur úr tölvupósti okkar á milli í gær:

On 15/04/2026 15:54, Vilhjálmur Þór Kjartansson - HI wrote:

Is it OK for me to encourage the general amateur in Iceland to respond to a SOTA activator's CQ without being registered or versed in SOTA procedure himself?

Úr svari hans: *Yes, please encourage as many chasers as you can. It does not matter if they are not active and logging on the SOTA database. Only your activator log matters.*

Mjög einföld aðferð til að hefja SOTA virkni á fjöllum

Tveir radióamatörar geta gengið saman á fjall með 2 m eða 70 cm handstöðvar. Þó 4 QSO séu nauðsynleg til að fá stigin fyrir fjallið, kemst það á skrá hvors þeirra um sig yfir virkjuð fjöll þó þeir hafi bara 2 QSO sín á milli. Þeir þurfa bara að vera vel sitt hvorum megin við línuna sem afmarkar virkjunarsvæðið. Konan mín heitin, Guðrún Hannesdóttir TF3GD, fann upp á þessu og vildi þá helst að það okkar sem virkjaði tindinn hvoru sinni væri alveg uppi. Ef okkur lá á að komast niður gat hún þó slegið eitthvað af, en aldrei mátti standa tæpt að við værum sitt hvorum megin línunnar.

Position	Activator Callsign	Summits	Points	Bonus Points	Total Points
1	TF3EK	354	1365	282	1647
2	TF3DX	102	313	27	340
3	TF3CW	49	84	0	84
4	TF3Y	17	45	0	45
5	TF3GD	38	9	3	12

Þetta gefur þó ekki marga punkta hér á landi á 2 m eins og sést, en henni nægði fjallið. 2 W HF tækið okkar fyrir SOTA ferðir var bara fyrir CW, sem ég gat notað með góðum árangri til útlanda.

Sérviska

Eins og sjá mátti af næstu glæru hér á undan þurfa ekki allir að hafa sömu markmið með þátttökunni í SOTA. Við hjónin höfum haldið okkur við þetta tvennt:

- 1) Að safna fjöllum fremur en stigum og höfum ekki endurtekið gilda SOTA virkjun fjalls.
- 2) Að fara helst fyrir eigin afli frá númeruðum vegi eða því sem næst. Hjól og skíði hafa stundum verið gagnleg.

Aðrir geta fundið sér sínar aðferðir svo lengi sem þær stangast ekki á við grunnreglurnar.

Fyrirrennarar SOTA

USKA Union Schweizerischer Kurzwellen Amateure

Pioneering Activity: Over 80 years ago, Swiss radio amateurs were already hiking to mountain peaks to set up homemade tube-based radio equipment.

The Swiss Amateur Radio Club (USKA) has been involved in promoting these types of activities. The Swiss NMD (National Mountain Day) is still held every year the third Sunday in July 06:00 – 09:59 UTC.

It is a special 80m contest with the following rules: The weight of the whole station may weigh a maximum of 6 kg and the location must be higher than 800m above sea level.

Frumkvöðlar: Fyrir rúmum 80 árum voru svissneskir radíóamatörar farnir að ganga á fjallatoppa með heimasmíðuð radíótæki, byggð á lömpum.

Svissneska amatörfélagið (USKA) hefur haldið slíkri virkni á lofti. Svissneski NMD (National Mountain Day) er enn haldinn á hverju ári þriðja sunnudag í júlí, 06:00 – 09:59 UTC (íslenskum tíma).

Þetta er sérstök 80 m keppni með eftirfarandi reglur: Heildarþyngd stöðvar má mest vera 6 kg og staðurinn þarf að vera meira en 800 m yfir sjávarmáli.

Sæmundur Óskarsson og Carl J. Eiríksson TF3CJ, báðir fæddir 1930 og stúdentar frá MR 1950, smíðuðu sér lampatalstöðvar í skóla. Annar fór á Vífilfellið og gott samband var í bæinn. Báðir urðu radíóverkfræðingar.

LAMPATÆKI

Hér má sjá
dæmigerðan
heimasmíðaðan
lampasendi
frá því um eða fyrir
1950

RF eining efst,
aflgjafi og AM
mótari þar undir

Tæki Þórhalls
Pálssonar
TF5TP
(1913 – 1994)





Sjálfsmynd, líklega 15 ára í Landsprófsbekk.

Glærurnar verða settar inn á
vefslóðina **tf3dx.is**